

Fréttir

Félag verslunar- og skrifstofufólks
Akureyri og nágrenni



1. tölublað · 31. árgangur · 2017



Aðalfundur

Orlofsmál

Samningar

Aðalfundur FVSA

Aðalfundur félagsins var haldinn í Alþýðuhúsinu á Akureyri mánudaginn 27. febrúar sl.

Tómas Möller, lögfræðingur LV, var með fræðsluerindi um íslenska lífeyris-sjóðskerfið og réttindi í Lífeyrissjóði verslunarmanna. Eiður Stefánsson, formaður félagsins, kynnti skýrslu stjórnar og Hermann Brynjarsson, endurskoðandi, fór yfir reikninga félagsins. Gylfi Pálsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa sem félagslegur skoðunarmaður og því var hann kvaddur á fundinum með smá þakklætisvotti frá FVSA fyrir hans störf í þágu félagsins. Gylfi var fyrst kjörinn félagslegur skoðunarmaður FVSA 1983 og var því félagslegur skoðunarmaður í tæp 35 ár.

Álfhildur Vilhjálmsdóttir hlaut gott lófatak gesta, en hún hefur setið í stjórn sjúkrasjóðs í 8 ár frá því að hún var fyrst kjörin í stjórn sjóðsins 2009. Hún gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn sjúkrasjóðs.

Á síðasta ári voru félagsmenn 2.600 talsins, þar af voru 343 lífeyrisþegar. Konur voru 62% og karlar 38%. Þess má geta að 619 félagsmenn voru á aldri 16-25 ára.

Ísland komið á lista yfir lönd sem hýsa fórnarlömb mansals

Eiður hóf fund stjórnar með því að ræða um misskiptingu auðs. Í nýrri skýrslu Oxfam kemur fram að átta ríkustu milljarðamæringar heims eiga jafnmikinn auð og fátækari helmingur mannkynsins, sem sagt 3,6 milljarðar jarðarbúa eiga samtals álíka miklar eignir og þessir átta einstaklingar. Fátækari helmingur mannkyns, eða þessir 3,6 milljarðar, búa við það að innan þeirra raða eru stórir hópar sem ekki eiga rétt á að vera í stéttarfélögum og í mörgum löndum



Gylfi Pálsson kvaddur á fundinum.

sem fátækari helmingur mannkyns býr í er unnið markvisst gegn stofnun stéttarféлага.

Eiður sagði fórnarlömbum mansals og kynlífsprælkunar fjölga hratt á heimsvísu og nú sé Ísland komið á lista þeirra landa þar sem finna má fórnarlömb þessara glæpa.

„Skv. skilgreiningu saksóknara í ákveðnu máli, er það ekki mansal að læsa einstakling inni og láta hann vinna, ef hann fær eitthvað að borða og einhverja dýnu til að sofa á, þá hefur viðkomandi bæði fæði og húsnæði, finnst okkur þetta eðlilegt?“

Enn öflugra vinnustaðaeftirlit

Til að sporna við þessari mannvöngu og vegna annarra þátta var gert samkomulag milli 14 stéttarféлага, sem eru starfandi í Eyjafirði og á Norðurlandi vestra, um stóraukið vinnustaðaeftirlit. Ráðinn var einn sameiginlegur verkefnastjóri fyrir vinnustaðaeftirlit á svæðinu. Eiður sagði markmið þessarar ráðningu vera að stuðla að enn öflugra vinnustaðaeftirliti með heimsóknum og nánara eftirliti frá verkefnastjóranum og starfsmönnum stéttarféлага. Hann sagðist hræðast það að í náinni framtíð yrði reynt að draga úr áhrifum stéttarféлага á Íslandi.

„Á Íslandi eru stéttarfélög varin með lögum, en lögum má breyta. Umræðan er þegar byrjuð, t.d. ef við skoðum verkfall sjómanna. Sjómenn voru búnir að vera samningslausir í nokkuð mörg ár fyrir síðustu kjarasamninga, hvernig stóð á því? Alþingi hefur itrekað sett lögbann á verkföll sjómanna og ekki bara á sjó-

menn, heldur gripið inn í margar aðrar kjaradeilur. Afleiðingin af siendurteknum inngrípum Alþingis í kjaradeilur gerir það að verkum að annar samningsaðillinn stendur betur að vígi í flestum tilfellum. Er Alþingi að eyðileggja rétt stéttarféлага til að standa vörð um kjör sinna félagsmanna? Verfall er vandmeðfarið og á ekki að beita nema í algjörrri neyð. En ef réttur félagsmanna í stéttarfélögum verður skertur og þeir missa eina vopnið sem þeir hafa til að knýja á um betri kjör, geta afleiðingar af því verið svo miklar að það sem hefur áunnist í kjarabaráttu á síðustu 100 árum getur horfið á skömmum tíma.“



Eiður sagði stéttarfélög ekki eiga að loka á endurskoðun á íslenskum vinnumarkaði en sagði það erfitt að ætla að breyta íslenskum vinnumarkaði með óstöðuga íslenska krónu og verðtryggingu. Þá itrekaði hann að fara þyrfti varlega í allar breytingar.

Formaðurinn fór síðan yfir nýjan kjarasamning frá því í janúar sem felur í sér viðbætur við þær hækkningar sem samið var um á síðasta ári fyrir félagsmenn. Jafnframt sagði hann að kaupmáttaraukning hjá félagsmönnum hefði orðið á líðnu ári, mismikil eftir starfsstéttum en aukning þó.

Gjöf til hjálparsamtaka í Eyjafirði

Átta stéttarfélag í Eyjafirði afhentu Mæðrastyrksnefnd Akureyrar, Hjálpar-starfi kirkjunnar, Hjálpræðishernum og Rauða krossinum styrk að upphæð kr. 2.500.000 þann 22. desember sl. Þetta var í fimmta sinn sem þessi samtök taka höndum saman fyrir jólin og veita þeim aðstoð sem þurfa.



Fulltrúar stéttarfélaganna átta afhenda samtökunum styrkinn.

Ritnefnd skrifar sögu Félags verslunar- og skrifstofufólks

Félag verslunar- og skrifstofufólks var stofnað 2. nóvember 1930 og hefur því verið starfrækt í að verða 87 ár. Það er því ekki seinna vænna að einhver fari að rita þetta niður og því samþykkti stjórn FVSA að tilnefna nefnd sem á að skoða þann möguleika að skrifa sögu FVSA.

Nefndarkonur og menn búa yfir gríðarlegri þekkingu á sögu félagsins en það eru þau Páll H. Jónsson, Kristín Þorgilsdóttir, Erla Hallsdóttir og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir sem skipa nefndina.



Hér er ritnefndin á sínum fyrsta fundi.

Stjórn og trúnaðarráð 2017-2018

Í stjórninni eiga sæti:

Eiður Stefánsson, formaður FVSA; Sigríður Stefanía Stefánsdóttir, Nýju Kaffibrennslunni; Jón Grétar Rögnvaldsson, Pennanum; Anna María Elíasdóttir, Ramma hf. og Anna Kristín Árnadóttir, Norðlenska.

Í varastjórn eru:

Halldór Óli Kjartansson, Markaðsstofu Norðurlands; Agnes Reykdal, Byko og Helgi Sveinbjörn Jóhannsson, Flugfélagi Íslands.

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð félagsins er skipað 21 félagsmanni, þar af 5 stjórnarmönnum, 3 varastjórnarmönnum, 8 félagsmönnum sem trúnaðarmenn á vinnustöðum kjósa árlega úr sínum hópi og 5 félagsmönnum til viðbótar kosnum á aðalfundi.

Auk stjórnar og varastjórnar sitja eftirfarandi félagsmenn í trúnaðarráði:

Anna Guðmundsdóttir, VÍS
Erla Bjarnadóttir, Höldur hf.
Ingvar Gunnarsson, Byko
Jón Haraldur Lárusson, Húsasmiðjan
Bára Waag Rúnarsdóttir, Hagkaup
Áslaug Júlíusdóttir, Eimskip
Sigurlaug Stefanía Einarsdóttir,
Olís v. Tryggvabraut
Júlía Gunnlaugsdóttir Poulsen,
Samkaup Úrval, Ólafsfirði
Helga Eymundsdóttir, Blikkrás
Hallveig Stefánsdóttir, Grófargil
Kristín Hjaltalín, Kjarnafæði
Laufey Ingadóttir, Samkaup
Nettó, Glerártorgi
Margrét Brynjólfssdóttir,
Bókhaldsþjónusta Þórðar

Til vara:

Anna Hafdís Jóhannesdóttir,
Samkaup Úrval, Dalvík

Anna Kristbjörg Reykdal, Penninn
Margrét Júlía Óladóttir,
Brauðgerð Kr. Jóns. & Co
Hanna Sigríður Magnþórsdóttir,
Bónus, Langholti
Katrín Guðrún Pálsdóttir, CCEP
Bergþóra Jóhannsdóttir, Frumherji
Sigurbjörg Gunnólfssdóttir, Primex ehf.
Jónas Þór Sveinsson, Flugfélag Íslands
Hulda Björnsdóttir,
Heimilistæki/Tölvulistinn

Stjórn sjúkrasjóðs

Eiður Stefánsson, FVSA
Guðríður Þorsteinsdóttir, Apótekarinn
Þórdís Bjarnadóttir, Höldur hf.
Signý Sigurðardóttir, Samkaup
Nettó, Glerártorgi
Stefán Jónsson, Rafeyri

Til vara:

Kristín Þorgilsdóttir, FVSA
Lilja S. Jóhannsdóttir, Lyf og heilsa
Guðmundur Lárus Helgason, VÍS



Frá starfsdegi trúnaðarmanna.

Starfsdagur trúnaðarmanna

Fjölmargir félagsmenn tóku þátt í árlegum starfsdegi trúnaðarmanna, sem var haldinn þann 26. janúar sl. á Hótel KEA.

Theodor Francis Birgisson var með fyrirlestur um samskipti og mikil ánægja ríkti meðal þátttakenda með

fyrirlesturinn. Síðan fóru Eydis Bjarnadóttir og Eiður Stefánsson yfir nokkur atriði sem snúa að trúnaðarmönnum og hlutverki þeirra, ásamt kynningu á því helsta sem félagið býður upp á varðandi styrki, orlofshús og íbúðir á árinu 2017. Þar á eftir fóru fram kosn-

ingar þar sem trúnaðarmenn völdu 8 aðalmenn og 4 varamenn úr sínum röðum í trúnaðarráð fyrir starfsárið 2017-2018.

Trúnaðarmannastarfið er virkilega lærdómsríkt

Edda Borg Stefánsdóttir var nýlega kosin trúnaðarmaður af starfsmönnum í versluninni Nettó. Við slögum á þráðinn til Eddu og forvitnuðumst um hvernig henni líkar við starfið.

„Ég spurði sjálfa mig bara af hverju ekki? Það gleður aðra merkilega mikið þegar maður sýnir lit og svo sá ég fyrir mér að ég gæti orðið góð í þessu.“

Edda viðurkennir að hún hafi ekki vitað 100% út á hvað starfið gengi og bjóst eiginlega við því að það væri aðeins láttlausara. Hún lýsir því að það hafi komið henni skemmtilega á óvart hvað umgjörðin í kringum trúnaðarstarfið sé virkilega fagleg og vönduð.

Ennþá segist hún ekki hafa fengið mörg mál inn á borð til sín, enda tiltölulega nýbyrjuð, en hún leggur frekar upp úr því að fara sjálf til fólksins svo að það viti að það getur leitast til hennar.

„Svo setti ég t.a.m. upp skoðanakönnun á dögnum, spurningarnar miðaðar við verslanir af vef Vinnueftirlitsins og ég er að klára að vinna úr henni núna. Það tekur mig lengri tíma en ég hélt, en mér þykir eftirfylgni mjög mikilvæg og vil frekar taka mér aðeins lengri tíma og gera það vel. Til hvers að afla upplýsinga ef þú ætlar ekkert að gera með þær? Þá meina ég að finna lausnir eða a.m.k hugmyndir í þeim málum sem koma upp,“ segir Edda um það hvernig hún sinnir starfi sínu sem trúnaðarmaður í Nettó.

Lærði að standa með sjálfri sér

Edda er til fyrirmyndar í starfi sínu sem trúnaðarmaður og sótti m.a. trúnaðarmannanámskeið á vegum félagsins í



Edda Borg Stefánsdóttir.

vetur. Hún segir margt hafa komið sér á óvart í starfinu en nefnir þá sérstaklega trúnaðarmannanámskeiðið. Hún segist ekki hafa verið með neinar sérstakar væntingar til námskeiðanna en eftir að hafa sótt þau segir hún það ótrúlegt hvað þau eru vönduð og hvað hún lærði margt.

„Mér fannst ég læra margt sem nýtist mér ekki bara sem trúnaðarmaður heldur bara í lífinu almennt; að koma fram, að hafa rödd, að standa með sjálfri mér og skoðun minni, mikilvægi þess að hlusta á aðra með virðingu, að vita og

þekkja rétt sinn, ítarlegur lestur launaseðla, aðgengi gagna á netinu og margt fleira.“

Enginn þekkir öll réttindi sín

Edda telur það ekki algengt að allir þekki öll réttindi sín. Hún ítrekar að við hugsum yfirleitt ekki um réttindi okkar fyrir en við þörfumst þeirra vegna einhverra tilfallandi hluta líkt og slyss á vinnustað eða fæðingarorlofs. Þá segir hún t.d. að hún hafi aldrei þælt í fæðingarorlofi fyrir en hún tók að sér starf trúnaðarmanns.

„Ég viðurkenni það fúslega að “ég hafði enga ástæðu til” að kynna mér þetta þar sem ég á ekki börn sjálf,“ segir Edda.

„Ekki tími ég að eyða 8 tímum á dag á stað þar sem mér líður ekki vel“

Edda segist hafa lært alveg ótrúlega margt af starfinu. Hún hafði góða þekkingu og reynslu í þjónustustarfi áður en hún tók að sér trúnaðarmannstarfið og segist hafa fengið sinn skerf að góð-

um og slæmum samskiptum. Hún hefur einnig sótt ótal námskeið og tileinkað sér mikilvægi samskipta í einkalífinu.

„Það er alltaf hægt að bæta sig á þessu sviði og nauðsynlegt að minna reglulega á mikilvægi samskipta. Hvað þá á vinnustað, því þá erum við í rauninni komin að ákveðnum lífsgæðum; við erum þarna flest 8 tíma á dag, og ekki tími ég að eyða 8 tímum á dag á stað þar sem mér líður ekki vel.“

Sjúkrasjóður FVSA

Greiðslur úr sjúkrasjóði á árinu 2016 hækkuðu umtalsvert frá árinu 2015. Þess má þó geta að í sögulegu tilliti þá voru greiðslur frá árinu 2016 í meðallagi, meðan árið 2015 var með þeim allra lægstu í útgreiðslum sjúkradagpeninga. Alls voru greiddir út styrkir að upphæð 59 milljónir króna árið 2016, þar af voru 30,8 milljónir samtals í formi dagpeninga til 59 félagsmanna, en um helmingur greiðslna úr sjúkrasjóði fer fram í því formi.

Aðrir styrkir

Aðrir styrkir til félagsmanna voru rétt rúmlega 28 milljónir. Styrkir til líkamsræktar á síðasta ári voru um 14,3 milljónir sem er örlítið lækkun á milli ára. 8,2 milljónir voru greiddar vegna sjúkraþjálfunar og sjúkranuðs, sem er rúmlega hálf milljón króna hækkan milli ára. U.þ.b. 1,3 milljónir voru greiddar út vegna gler/lasík styrkja en það er rétt tæplega helmingur lækkun frá árinu áður. Þá voru um 650.000 kr. greiddar vegna krabbameinsleitar og 760.000 kr. vegna sálfræðiþjónustu.

Þó að styrkir séu eyrnamerkir vegna þeirra atriða sem hér koma fram, þá geta félagsmenn sótt um styrki vegna annarra atriða. Stjórn sjúkrasjóðs tekur þær umsóknir þá sérstaklega fyrir og athugar hvort viðkomandi hafi ekki nýtt sér þá styrki sem í boði eru.

Reglur

- Til þess að geta sótt um styrk úr sjúkrasjóði þarf félagsgjald að hafa borist vegna þriggja mánaða af síðustu tólf, þar af a.m.k. vegna eins mánaðar af síðustu sex.
- Öll réttindi falla niður ef félagsgjöld hafa ekki borist vegna síðustu 6 mánaða. (Undanskilin eru réttindi lífeyrisþega).
- Fullan rétt til styrkja eiga þeir félagsmenn sem greitt hafa 12.000 kr. eða meira á síðustu 12 mánuðum. (Meðaltal launa 100.000 kr á mánuði)
- Þeir sem greitt hafa frá 6.000 kr. til 11.999 kr. s.l. 12 mánuði (meðaltal launa 50.000 kr. til 99.990 kr. eiga rétt á 60% af fullum styrkjum.
- Örorkulífeyrisþegar eiga rétt á styrkjum úr sjúkrasjóði í 2 ár eftir að greiðslur til félagsins hætta að berast.

- Ellilífeyrisþegar eiga rétt á styrkjum úr sjúkrasjóði í 7 ár eftir að greiðslur til félagsins hætta að berast.
- Aðstandendur félagsmanns sem hættur er að greiða til félagsins vegna örorku eiga rétt á dánarbótum 150.000 kr. í 2 ár eftir að greiðslur hætta að berast.
- Aðstandendur félagsmanns sem hættur er að greiða til félagsins vegna aldurs eiga rétt á dánarbótum 150.000 kr. í 7 ár eftir að greiðslur hætta að berast.
- Elli- og örorkulífeyrisþegar eiga rétt á styrkuppþæð miðað við greiðslur síðustu 12 mánaða í starfi.
- Stjórn sjóðsins hefur heimild til að veita styrk vegna andláts sjóðfélaga sem látið hefur af starfi meira en tveimur/ sjö árum fyrir andlát (að hámarki 150.000 kr. að uppfylltum ákveðnum skilyrðum).
- Umsókn um slíkan styrk þarf að fylgja skattframtal vegna næstliðins árs.

Dagpeningar

- Sjúkradagpeningar vegna veikinda félagsmanns: Greidd 80% launa í 4 mánuði.
- Sjúkradagpeningar vegna veikinda maka: Greidd 80% launa í 3 mánuði.
- Sjúkradagpeningar vegna veikinda barna: Greidd 80% launa í 3 mánuði.

Styrkir eru greiddir einu sinni í mánuði (fyrsta virkan dag hvers mánaðar). Reikningar þurfa því að berast fyrir mánaðarmót.

Hámarksgreiðsla styrkja til félagsmanns er 60.000 kr. á ári fyrir þá sem greitt hafa 12.000 kr. eða meira til félagsins á síðustu 12 mánuðum og 36.000 kr. (60%) til þeirra sem hafa greitt frá 6.000 til 11.999 kr. á sama tímabili.

Þeir sem ekki ná 6.000 kr. á síðustu 12 mánuðum eiga ekki rétt til greiðslu eða styrkja úr sjúkrasjóði.

Hámark styrkja í krónum:	Hlutfall af reikningi	100% styrkur	60% styrkur
Sjúkraþjálfun	75%	50.000	30.000
Krabbameinsleit	85%	5.000	3.000
Líkamsrækt	50%	30.000	18.000
Sálfræðiþjónusta	35%	25.000	15.000
Nudd utan TR	35%	25.000	15.000
Gleraugu*/Heyrnataeki (á 3 ára fresti)	35%	20.000	12.000
Glasa-/tæknifrjóvgun (á 3 ára fresti)	50%	55.000	33.000
Lasík augnaðgerð (á 3 ára fresti)	35%	55.000	33.000
Dánarbætur	400.000		
Dánarbætur lífeyrisþega**	150.000		
Vímuefnaeðferð	Sjúkradagpeningar á meðan meðferð stendur.		

Ég og stéttarfélagið

Það hefur alltaf verið mér ráðgáta af hverju fólk hefur ekki meiri áhuga á réttindum sínum en raun ber vitni. Þá sérstaklega ungt fólk, á mínum aldri. Eða kannski ekki á mínum aldri lengur þar sem ég nálgast þrítugt mun hraðar en ég kæri mig um. Það er sífellt verið að minna ungt fólk á að kynna sér réttindi sín á vinnumarkaðnum og hjá stéttarfélagunum sínum en alltaf er það þessi meirihluti sem gerir það ekki.

Þegar ég var yngri og nálgadist mína fyrstu vinnu óðfluga þá viðurkenni ég fúslega að ég vissi ekki hvað stéttarfélag var. Í einfaldni minni gerði ég ráð fyrir því að þetta væri eins konar steinsteypufélag sem sæi um að leggja gangstéttir bæjarins. Í stað þess að staldra við og velta fyrir mér hvort nafnið gæti verið vitlaust skilið hjá mér, þá velti ég því frekar fyrir mér af hverju

það væri þörf á svona mörgum fyrirtækjum á litlu Akureyri til að leggja stéttir. Það var ekki einu sinni vísbending fyrir mig af hverju þau halda 1. maí heilagan, ég kom bara fyrir kökurnar og fríu pennana. Einum vinnumarkaði og einni menntaskólagöngu seinna er ég hér, búin að átta mig á því að orð hafa stundum fleiri merkingar en eina og að stéttarfélög koma yfirleitt ekki nálægt steypu.

Þrátt fyrir það að ég sé orðin aðeins reyndari á vinnumarkaði og í lífinu almennt, en þegar ég var 16 ára, þá rámar mig aðeins í þann tíma. Ég og eflaust krakkar nú til dags einnig, var alin upp við að það væri ekki sjálfgefið að fá vinnu. Ég þyrfti að vera dugleg og þakklát fyrir að þurfa ekki að dúsa í unglingavinnunni næstu þrjú sumur. Ég misskildi þessi heilræði svakalega og

þorði því ekki að biðja um hærri laun eða betri kjör og aðstæður, í hræðslu minni við að missa vinnuna eða vera talin alltof frek fyrir manneskju á mínum aldri.



Ingibjörg Bergmann.

Þetta er skelfilegur misskilningur sem að ég efast ekki um að ungir krakkar í dag lenda í líka. Þú átt þinn rétt, óháð aldri og fyrri störfum, eða skort þar á. Þú verður að kynna þér þetta, því það gerir það enginn fyrir þig. Trúðu mér, þú átt bara eftir að græða á því.

Vissir þú að ...

- Þú getur fengið ræktarkortið þitt, gleraugun þín, bílprófið þitt, skólagjöldin þín o.fl. endurgreitt að hluta til frá stéttarfélaginu þínu?
- Ef eitthvað bjátar á í vinnunni og þú þorir ekki eða getur ekki talað við yfirmann þá er trúnaðarmaður í fyrirtækinu þínu sem þú getur talað við og hann er lögum bundinn að segja engum frá því sem á milli ykkar fer, óskir þú eftir því.
- Ef þú skilur ekki launaseðilinn þinn eða grunar að þú sért á of lágum launum getur þú alltaf leitað til FVSA.
- 18 og 19 ára einstaklingar sem starfað hafa a.m.k. 6 mánuði (að lágmarki 700 vinnustundir) í starfsgrein, eiga rétt á byrjunarlaunum 20 ára.
- Við 20 ára aldur er starfsreynsla metin að fullu við röðun í starfsaldursþrep (1800 stundir teljast ársstarf).
- Við mat á starfsaldri til launa veitir 22ja ára aldur rétt til næsta starfsaldursþreps fyrir ofan byrjunarlaun.

Lítið inn á vinnustaði hjá félagsm

Við ákváðum að kíkja á nokkra félagsmenn FVSA við störf og spyrjast fyrir um hvort að þeir þekki réttindi sín hjá stéttarfélaginu. Talað var við félagsmenn á aldrinum 15-30 ára og þeir spurðir eftirfarandi spurninga:

1. Veistu í hvað þú getur nýtt stéttarfélagið þitt?
2. Hefurðu nýtt þér þjónustu félagsins?
3. Veistu hvað trúnaðarmaður gerir?



Eva Ósk Hafdísardóttir, 21 árs
- Olís við Tryggvabraut

1. Ég hef svona góða hugmynd um það já, þeir niðurgreiða og svoleiðis.
2. Ég hef ekki gert það hingað til og ekki fundið þörf til þess ennþá.
3. Ef það er eitthvað sem mér finnst ekki vera nógu gott get ég rætt við hann og hann komið því áleiðis.



Katrín Axelsdóttir, 15 ára
- Nettó

1. Nei, ekki viss.
2. Nei, ekki hingað til.
3. Því miður ekki viss.



Þórarinn Kristján Ragnarsson, 18 ára
- Nettó

1. Ég er búinn að vera svo lítið eitthvað svona í stéttarfélagi.
2. Nei, ég hef ekki gert það.
3. Nei, ég er ekki alveg viss.



Krista Björg Rúnarsdóttir, 19 ára
- Rúmfatalagerinn

1. Get farið til þeirra ef ég er ósátt með launin og réttindi mín í vinnunni.
2. Ekki núna allavega, ekki þurft að lenda í því.
3. Já, sá sem þú ferð til að kvarta ef eitthvað er í gangi í vinnunni og hann má náttúrulega ekki segja neitt.



mönnum FVSA



Hrafnhildur Ýr Jóhannsdóttir, 24 ára og Þórdís Sigtryggisdóttir, 19 ára

- Body shop

- Örugglega ekki að fullu en jú, niðurgreitt rættarkort, gler í gleraugun mín, bílpróf og allskonar námskeið.
- Já, við höfum nýtt það í þessa hluti.
- Já, ef það eru einhver vandamál á vinnustaðnum og þú vilt ekki ræða við yfirmann beint.



Anna Sigríður Björnsdóttir, 30 ára

- Dressman

- Styrki, orlof o.s.fv.
- Já, í endurgreiðslu, sjúkraíbúðirnar og svoleiðis.
- Vætanlega getur maður talað við hann varðandi einhver mál, ekki satt?



Halldóra Hlíf Hjaltadóttir, 21 árs

- Bónus

- Allavega að einhverjum hluta: endurgreidd skólagjöld, kort í ræktina og ný gleraugu.
- Hef nýtt mér það í þessa hluti já.
- Nei.



Vilhjálmur Konráð Ísleifsson, 26 ára

- Penninn

- Ég er ekki alveg 100% klár.
- Nei, ekki hingað til.
- Hann fer á fundi og svona og líka þegar maður er ósáttur með eitthvað getur maður talað við hann.



Hjördís Erna Heimisdóttir, 24 ára

- Kristjáns Bakarí

- Veit ekki allt en getur fengið endurgreitt líkamsrækt, gleraugu, skólagjöld, frístund o.fl.
- Já, ég geri það eins og ég get.
- Hann t.d. hjálpar ef þú ert að segja upp eða ef eitthvað er sem maður vill fá hjálp með tengt vinnuveitenda.



Krossgáta félagsmanna

Lausn krossgátunnar má nálgast á heimasíðu félagsins.

Ít. F.	Götu	Fæðir Muldradi	Gröpin	Reiðmann Fullt tungl	Hnappurinn	Eldstaði	Samhl.	Virti	Sefi	○	Ekki	Spyrja	Ílát
Framkvæmdamenn										Tré Dræng Óhreint			
Konu							Blómíð Hagleiksmann						
Litáða Snilldin				>							Eins Verr		
Mann Ahald			>						Tunnan Beita				
Röðin		v				Hreyfist Urg						Att Heimsála Att	
○	Minnist Sund			v	Ofreynda Sigtið								Dýrbítur
Málmur			Alver Venju					Bátaskýli Haf		v			
Tíndi				Kona Tönn					Sönghópur Hreppa				
Þáttakendur Bera hátt						>					Frá Serhl.		v
Veikin						Stigið							

Bót og betrun

Leikhúsferð 2017

Farið verður á leiksýninguna **Bót og betrun** sem sýnd verður á Húsavík laugardaginn 22. apríl nk.

Lagt verður af stað frá Alþýðuhúsinu kl. 12.45 og er áætluð heimkoma um kl. 18.00.

Boðið verður upp á kaffihlaðborð eftir sýningu á veitingahúsinu Sölku.

Leiksýningin er í boði fyrir ellilífeyrisfélag Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, Sjómannafélags Eyjafjarðar – Félags málmiðnaðarmanna Akureyri – Félags vélstjóra- og málmæknimanna – Rafiðnaðarsambands Íslands.

Nánari upplýsingar og skráningu má nálgast á skrifstofu félaganna í síma 455 1050, í síðasta lagi kl. 12:00 þann 18. apríl.



Fjölmargir valkostir í boði fyrir fríð!

Félagsmönnum Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni bjóðast fjölbreyttir valkostir í sumar hvað varðar sumarhús, íbúðir og styrki.

Vika að eigin vali

Auk orlofshúsa býður félagið upp á 100 orlofsstyrki sem bera heitið „vika að eigin vali“. Um er að ræða 20.000 kr. styrki vegna ferðakostnaðar á árinu 2017, þ.e. flug og gisting.

Niðurgreiddir gistimiðar

Líkt og undanfarin sumur mun félagið selja niðurgreidda gistimiða á Edduhótelin og Fosshótelin á 9.500 kr. Nánari upplýsingar má finna á www.hoteledda.is eða www.fosshotel.is.

FOSSHÓTEL



Inneignarbréf hjá Flugfélagi Íslands

Félagsmenn geta einnig keypt inneignarbréf frá Flugfélagi Íslands að upphæð 10.000 kr. en greiða einungis 6.000 kr. fyrir.



Ath. Hver félagsmaður getur að hámarki keypt 4 miða samlagt á hverju almanaksári af gistimiðum og inneignarbréfum.

Útilegukort

25 útilegukort verða til úthlutunar hjá félaginu en einnig verður kortið til sölu á skrifstofunni á Akureyri á 17.900 kr. Nánari uppl. www.utilegukortid.is



Veiðikortið

Veiðikortið verður áfram til sölu á skrifstofu félagsins á Akureyri á 5.500 kr. Nánari uppl. www.veidikortid.is



Miðar í göngin

Félagsmenn geta keypt niðurgreidda miða í Hvalfjarðargöngin hjá félaginu á 635 kr.

Rafrænar umsóknir

Hægt er að sækja um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort á rafrænan hátt á félagavefnum www.fvsa.is. Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu geta komið á skrifstofuna og fengið aðstoð.

Umsóknarfrestur um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort vegna sumarleigu er til og með 28. mars nk. Umsækjendur fá skriflegt svar um úthlutunina um mánaðamót mars/apríl. Þeir sem fá úthlutað þurfa að greiða í síðasta lagi 10. apríl.

Opnað verður fyrir lausar orlofsvikur sumarið 2017 og vetrarleigu 2017 til maíloka 2018, á félagavefnum kl. 12.00 þann 11. apríl nk.

VERTU MEÐ VINNUMANNA Á HREINU

Klukk er nýtt og frítt tímaskráningarapp fyrir launafólki. Þú skráir vinnumanna þína með einum smelli í Klukk og veitir þá nákvæmlega hvenur miðað þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja stöðubrotgæðing og appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á asi.is/klukk

DEILDU ÞINNI SÖGU MEÐ:

#EKKERTSVINDL

Veist þú um fyrirtæki sem brjóta á ungu fólki eða erlendum starfsmönnum og nýta sér þekkingarleysi þeirra á réttindum sínum?

Deilum reynslu okkar með myllumerkinu #EkkertSvindl og upprætum svindlið!

Styðjum baráttuna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði með virkum hætti

Upplýsum ...

- ... erlenda starfsmenn og ungt fólk um réttindi þeirra og skyldur.
- ... erlend fyrirtæki og aðra atvinnurekendur sem ráða erlenda starfsmenn og ungt fólk um skyldur sem því fylgja.
- ... brot á vinnumarkaði, krefjumst úrbóta og komum upplýsingum um meint brot til viðkomandi stjórnvalda og eftirlitsstofnana.

Kynntu þér málið á vefsíðu verkefnisins: www.asi.is/ekkertsvindl

Alþýðusamband Íslands

Orlofshús – Sumarleiga

Reykjavík

Félagið á fjórar íbúðir í Mánatúni 3 og 5 í Reykjavík, ásamt einni íbúð í Mánatúni 13. Íbúðirnar eru í alla staði mjög vandaðar og glæsilegar. Allar íbúðirnar eru með rúmgóða stofu, vel búið eldhús með uppþvottavél, baðherbergi með sturtu og þvottahús með þvottavél og þurrkara. Það þarf að taka með sér lín á rúm og handklæði.

ATH: Ekki er lengur hægt að leigja lín. Gasgrill fylgja ekki íbúðunum.

Nettenging er í öllum íbúðum.

2 herbergja íbúð á 4. hæð - 25.000 kr. vikan

Eitt svefnherbergi er í íbúðinni með gístaðstöðu fyrir tvo, auk barnarúms og barnastóls.

Tvær 3 herbergja íbúðir á 4. hæð - 31.000 kr. vikan

Tvö svefnherbergi eru í hvorri íbúð með gístaðstöðu fyrir sjö manns, auk barnarúms og barnastóls.

Fjögurra herbergja íbúð á 4. hæð - 36.000 kr. vikan

Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni með gístaðstöðu fyrir 10 manns, auk barnarúms og barnastóls.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 31. maí til 23. ágúst.

Skiptidagar: Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn yfir sumartímam og skipt á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 17 en dvalargestir þurfa að skila íbúðunum kl. 13 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir á skrifstofu FVSA.



Illugastaðir: Hús nr. 2 og 19

Félagið leigir tvö hús í sumarhúsabyggðinni í Illugastöðum í Fnjóskadal. Við bæði húsin er heitur pottur og rúmöt fylgja húsunum, án líns, en það er hægt að leigja hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð.

Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítil verslun.

Hús nr. 2 - 25.000 kr. vikan

Í þessu húsi er svefnrými fyrir sex manns, auk svefnsófa í stofu.

Hús nr. 19 - 28.000 kr. vikan

Húsið er á tveimur hæðum með svefnrými fyrir sex manns, auk svefnsófa í stofu og borðstofu. Á neðri hæðinni er vel búið eldhús og borðstofa, gufubað og baðherbergi með sturtu. Á efri hæðinni er stofa, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 2. júní til 25. ágúst.

Skiptidagar: Húsin leigjast eina viku í senn. Afhending húsa til komugesta er milli kl. 16 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir hjá umsjónarmanni á Illugastöðum.

Okkar álit: Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar á dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.



Hús nr. 19.

Skógarsel, Vaglaskógi

Glæsilegt sumarhús á skemmtilegum stað á bökkum Fnjóskár og í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, góð stofa, eldhús með öllum búnaði, borðstofa, tvö baðherbergi og þvottaherbergi. Í húsinu er gisti-pláss fyrir 11 manns. Rúmföt fylgja en án líns.

Við húsið er stór afgirtur sólpallur og þar er m.a. heitur pottur. Umhverfis húsið er stór, girtur garður og í honum eru barnaleiktæki. Öll helstu heimilistæki eru í húsinu, ásamt þvottavél, þurrkara og uppþvottavél.



Leigutímabil: Sumarleiga frá 2. júní til 25. ágúst.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 16 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir á skrifstofu FVSA.

Okkar álit: Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður fyrir fjölskylduna. Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.

Verð: 50.000 kr. vikan

ATHUGIÐ! Breytt fyrirkomulag!

Í stað þess að opna fyrir vetrarleigu strax eftir verslunarmannahelgi, verður opnað fyrir vetrarleigu á sama tíma og lausar orlofsvikur vegna sumarleigu 2017 eða kl. 12:00 11. apríl 2017.

Miðhúsaskógur í Bláskógabyggð

Sumarhúsið er í Miðhúsaskógi, Bláskógabyggð, og er í um 17 km fjarlægð frá Laugarvatni, þar sem hægt er að sækja alla almenna þjónustu, m.a. sundlaug og matvöruverslun. Húsið er 55 fermetrar með þremur svefnherbergjum og gisti-plássi fyrir sjö manns. Í húsinu er setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Húsinu fylgja öll venjuleg eldhúshöld, borðbúnaður, uppþvottavél og gasgrill. Leigjendur verða að hafa með sér lín, handklæði, diskapurrkur og þvottaefni í uppþvottavél. Heitur pottur er við húsið.

Leigutímabil: 2. júní til 25. ágúst

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma frá kl. 17.00 og brottför er í síðasta lagi kl. 12.00 á föstudögum.

Lyklar: Eru í lyklaskáp við útidyr. Lyklum skal skilað í lyklaskápinn aftur við brottför.

Okkar álit: Margt við að vera og skemmtileg afþreying í nánasta umhverfi. T.a.m. úrval gönguleiða, minigolf, uppblásið trampólín, frísí-golf, aparóla, sparkvellir, körfuboltavöllur o.fl. Sandkassi er við hvert hús og leiktæki í hverjum botnlanga.

Verð: 32.000 kr. vikan



Flókalundur í Vatnsfirði á Barðaströnd

Þessi staður nýtur mikilla vinsælda meðal félagsmanna. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, með gistiplássi fyrir sex manns, ásamt setu- og borðstofu með eldhúskrók sem geymir öll helstu eldhústæki og baðherbergi með sturtu. Sjónvarp er í húsinu og gasgrill. Sundlaug með heitum potti er einungis til afnota fyrir gesti sem dvelja í orlofshúsabygginginni.

Leigutímabil: 16. júní til 18. ágúst.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma eftir kl. 16.00 og brottför er í síðasta lagi kl. 12.00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lykaskáp við útidyr. Lyklum skal skilað í lykaskápinn aftur við brottför.

Okkar álit: Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum o.fl.

Verð: 30.000 kr. vikan



Allar íbúðir og bústaðir félagsins eru reyklusir og stranglega bannað er að hafa í þeim gæludýr. Komið hafa upp slæm ofnæmistilfelli vegna þeirra.

Einarsstaðir á Héraði

Húsið er nr. 19 og er 45 fermetrar. Það skiptist niður í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Í tveimur herbergjanna eru tvíbreið rúm og koja þar yfir, en kojur í minna herberginu. Gasgrill og garðhúsgögn ásamt heitum potti eru við húsið. Hjá umsjónarmanni er hægt að fá leigt lín og handklæði, einnig er hægt að fá lánað barnarúm, barnastól og aukadýnur. Í húsinu er allur búnaður miðaður við átta manns.

Leigutímabil: 9. júní til 11. ágúst

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma milli kl. 16 og 19 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma það í síðasta lagi kl. 12.00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lykaskáp við útidyr. Lyklum skal skilað í lykaskápinn aftur við brottför.

Okkar álit: Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði.

Verð: 30.000 kr. vikan



Starfsmenntastyrkur gæti vel orðið forsenda þess að einhver drífi sig í nám

Daníel Örn Stefánsson er félagsmaður FVSA og vinnur hjá tölvufyrirtækinu Stefnu. Daníel fór nýlega aftur í skóla til þess að læra tölvunarfræði við Háskólann á Akureyri, en námið er samstarfsverkefni við Háskólann í Reykjavík. Til þess að auðvelda sér að borga fyrir námið er Daníel búinn að nýta sér starfsmenntasjóð FVSA og við fengum hann til þess að segja okkur aðeins frá þeirri reynslu.

Styrkurinn hefur nýst mjög vel

Daníel er menntaður matreiðslumaður frá Menntaskólanum í Kópavogi og hefur einnig lokið fyrstu önn hjá NTV.is í diplómanámi í forritun.

Daníel segir að námið sé fremur dýrt, en hver önn kosti um 240 þúsund krónur og felur námið í sér sex annir, auk bókakostnaðar og tölvu til þess að geta sinnt náminu.

Aðspurður segir Daníel að starfsmenntasjóðurinn hafi nýst sér mjög vel.

„Ef ég man rétt þá var styrkurinn um 270 þúsund sem ég fékk, þar sem ég var ekki búinn að nýta styrkinn í ákveðið langan tíma og þess vegna var

þetta búið að safnast saman. Með þessu náði ég að borga rúmlega eina önn sem er mjög gott og hjálpaði mjög mikið. Svo skilst mér að ég geti sótt um meiri styrk á þessu ári sem mun þá hjálpa mér ennþá meira.“

„Þetta þurfa allir að kynna sér sem ætla í nám“

Daníel segist ekki hafa vitað af styrkunum áður en hann hóf námið en fljótlega eftir að hann fékk inngöngu fór hann að skoða sig um og rakst þá á starfsmenntastyrkinn.

Hann segir það ekki hafa kostað sig mikla fyrirhöfn að sækja um styrkinn.

„Það var mjög þægilegt að sækja um styrkinn. Ég man ekki betur en að þetta hafi verið eitt símtal til að fá smá upplýsingar og eitt eyðublað sem ég svaraði í gegnum vefsíðu FVSA.“

Daníel var að vinna hjá Stefnu þegar hann ákvað að skella sér í skólann og læra tölvunarfræðina. Hann segist hafa byrjað á því að vinna 100% með en sé nú búinn að minnka sig niður í 50% vinnu með skólanum. Hann segir námið vera krefjandi en skemmtilegt og hvet-



Daníel Örn Stefánsson.

ur fólk eindregið til þess að skoða þá styrki sem félagið býður upp á.

„Þetta þurfa allir að kynna sér sem ætla í nám. Það gæti vel verið að styrkurinn yrði forsenda þess að einhver drífi sig í skóla.“

Starfsmenntastyrkur

Félagsmaður með laun sem eru jöfn eða hærrí en byrjunarlaun afgreiðslufólks á rétt á hámarksstyrk kr. 90.000 á hverju almanaksári.

Til þess að geta sótt um styrk úr sjóðnum þarf félagsgjald að hafa borist vegna þriggja mánaða af síðustu tólf mánuðum, þar af a.m.k. vegna eins mánaðar af síðustu sex mánuðum. Öll réttindi falla niður ef félagsgjöld hafa ekki borist vegna síðustu 6 mánaða.

Uppsafnaður styrkur

Hafi félagsmaður ekki fengið styrk úr sjóðnum (hvorki til starfs- né tómsundanáms) sl. 36 mánuði getur uppsafnaður styrkur til starfsnáms orðið að hámarki kr. 270.000 og miðast við 75% styrk fyrir einu samfelldu námi. Aðeins er hægt að sækja um styrkinn í einu lagi. Greiðslur til sjóðsins þurfa að hafa borist að lágmarki í 30 mánuði af síðustu 36 mánuðum fyrir dagsetningu umsóknar og uppfylla auk þess skilyrði 1. mgr. 5. gr. starfsreglna þessara. Miðað er við byrjunarlaun afgreiðslufólks í 100% starfi á tímabilinu.

Tómstundastyrkur

Veittur er 50% styrkur af námskeiðsgjaldi að hámarki kr. 20.000 á ári. Upphæðin dregst frá hámarksstyrk. Tómsundastyrkur nær eingöngu til tómsundanámskeiða innanlands. Skilyrði er að námskeiðið hafi skilgreint upphaf, endi og sé með leiðbeinanda.

Ferðastyrkur

Veittur er 50% styrkur af ferðakostnaði að hámarki kr. 30.000 á ári sem dregst frá hámarksstyrk. Sæki félagsmaður starfstengt nám, námskeið, starfstengda heimsókn til fyrirtækis eða ráðstefnu utan lögheimilis, getur hann sótt um ferðastyrk fyrir helmingi fargjalds ef vegalengdin milli heimilis og fræðslustofnunar er að lágmarki 50 km.

Félagsmenn eru hvattir til að hafa samband við skrifstofuna til að fá upplýsingar um rétt sinn.

Áfram konur!

Jafnrétti kvenna er FVSA mjög mikilvægt, enda 62% félagsmanna konur

Kvennafrídagur

Stéttarfélagin í Eyjafirði hvöttu allar konur til að skunda úr vinnu kl. 14:38 mánudaginn 24. október 2016 og mæta á Ráðhústorg. Þar höfðu stéttarfélagin í Eyjafirði skipulagt dagskrá á torginu þar sem flutt var ávarp ásamt því að söngkonan Edda Borg Stefánsdóttir flutti nokkur lög.



Konur fjölmenntu á Ráðhústorgið á Akureyri til að sýna samstöðu og krefjast réttar síns.

Meðalatvinnutekjur kvenna eru 70,3% af meðal atvinnutekjum karla. Konur eru því með 29,7% lægri meðaltal atvinnutekna. Samkvæmt því eru konur búnar að vinna fyrir sínum launum eftir 5 klukkustundir og 38 mínútur miðað við fullan vinnudag frá kl. 9-17. Daglegum vinnuskyldum kvenna er því lokið kl. 14:38.

Árið 2010 gengu konur út kl. 14.25 og árið 2016 kl. 14:38 sem segir okkur að á 11 árum hafa þær grætt hálf tíma, eða tæplega þrjár mínútur á ári. Með því áframhaldi þurfa konur að bíða í 52 ár eftir sömu kjörum og karlmenn, sem er gjörsamlega óásættanlegt!

Kvennaráðstefna ASÍ (Tökum brúna)

Kvennaráðstefna ASÍ, Tökum brúna, var haldin á Hótel Norðurljósum dagana 14.-15. apríl 2016. Þar voru tæplega fimmtíu konur, frá fjölmörgum aðildarfélagum ASÍ, samankomnar undir yfirskriftinni: Ekki er synd af sönnum auði. Markmið ráðstefnunnar var að efla tengslanet kvenna og auka þekkingu á málefnum sem eru í kastljósinu á hverjum tíma. Þetta árið var lögð áhersla á framlag kvenna vegna þeirra áskorana sem hnattvæðing, fólksflutningar og loftlagsbreytingar fela í sér.

Fimm flottar konur frá FVSA tóku þátt í ráðstefnunni en það voru þær Anna María Elíasdóttir, varaformaður félagsins; Sigríður S. Stefánsdóttir, ritari félagsins; Agnes Reykdal, varamaður í stjórn og Kristín Þorgilsdóttir og Eydís Bjarnadóttir, starfsmenn félagsins. Þær voru allar sammála um að þátttaka á slíkrri ráðstefnu væri mjög góð til að efla og styrkja tengsl kvenna og virkja þær til starfa.



Flottur hópur á Hótel Norðurljósum á Kvennaráðstefnu ASÍ.